

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1633

komudagur 22/4 1996

SAMTÖK
IÐNAÐARINS

FEDERATION OF ICELANDIC INDUSTRIES

Nefndadeild Alþingis
Félagsmálanefnd
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 1996

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, mál nr. 415.

Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis. Stjórn Samtakanna fjallaði um frumvarpið á fundi sínum í dag og vill koma eftirfarandi sjónarmiðum sínum á framfæri.

Það er löngu tímabært að taka samskiptareglur á vinnumarkaði til gagnerrar endurskoðunar. Til þess liggja margar ástæður. Nærtækust er sú að lögin um stéttarfélög og vinnudeilur eru orðin nær 60 ára gömul og frá setningu þeirra hafa orðið miklar breytingar á íslensku atvinnulífi og þjóðfélagi. Þá hafa og orðið miklar breytingar á skipulagi aðila vinnumarkaðarins, ekki síst þær að stéttarfélögum, bæði á almennum markaði og opinberra starfsmanna hefur fjölgað mikið og eru nú nálægt því að vera um 400 talsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að setja eðlilegar og tímabærar reglur um samskipti á vinnumarkaði. Það skiptir mjög miklu máli að um þetta gildi ákveðnar og skýrar reglur sem tryggi öguð og vönduð vinnubrögð. Sömuleiðis er mikilvægt að reglur um hvernig staðið er að samþykkt eða synjun kjarasamnings og ákvörðunum um verkföll og verkbönn séu skýrar og afdráttarlausar. Þær verða að tryggja að sem flestir komi að slíkum ákvörðunum þannig að minnihlutinn geti ekki kallað yfir meirihlutann afdrifaríkar ákvarðanir sem hafa í för með sér tekjumissi eða tjón vegna rekstrarstöðvunar.

Atvinnurekstur nútímans er allt annar en sá sem tíðkaðist fyrir 60 árum. Hlutdeild vinnuaflsins miðað við fjárfestingu hefur í flestum tilfellum lækkað og þess vegna verður fjárhagslegt tjón vegna verkfalla miklu meira en var. Verkfall eða hótun um verkfall er þess vegna miklu áhrifameira og þess vegna nauðsynlegt að herða reglur um beitingu þess. Í frumvarpinu er einmitt að finna ákvæði sem ganga í þessa átt.

Samtök iðnaðarins styðja í öllum meginatriðum efni frumvarpsins og eru þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að það nái fram að ganga. Samtök iðnaðarins vilja að öðru leyti vísa til umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands um frumvarpið, en Samtök iðnaðarins eru stærsti aðilinn að Vinnuveitendasambandinu, en sem kunnugt er fer VSI með gerð kjarasamninga fyrir hönd aðildarsamtaka sinna.

Samtök iðnaðarins vilja þó gera að sérstöku umtalsefni gerð fyrirtækissamninga. Ákaflega mikilvægt er að búa svo um hnúta að gerð kjarasamninga sem gildi fyrir einstök



fyrirtæki verði auðvelduð. Slíkir kjarasamningar geta í mörgum tilvikum tekið mið af aðstæðum á hverjum stað sem ekki er hægt í heildarkjarasamningum. Tryggja verður að slíkir samningar taki mið af og tengist gerð heildarkjarasamninga enda hlutverk heildarsamtaka að setja markmið fyrir launa- og kjarapróun í landinu. Þess vegna telja Samtökin mikilvægt að samningar sem gerðir eru í einstökum fyrirtækjum verði gerðir í tengslum við viðkomandi heildarsamtök.

Forsenda þess að hægt sé að gera fyrirtækissamning verður að vera sú að bæði starfsmenn og forráðamenn fyrirtækis vilji gera slíkan samning og að þeir sem fara með samningsumboð komi að eða staðfesti slíka samninga. Ekki er nauðsynlegt að takmarka gerð fyrirtækissamnings við eingöngu allra stærstu fyrirtæki né það að stofnuð verði sérstök fyrirtækisstéttarfélög. Fyrirtækissamningar geta vel átt við í miðlungsstórum fyrirtækjum, t.d. fyrirtækjum með 50 og fleiri starfsmenn. Sömuleiðis er það ekki nauðsynleg forsenda að hjá fyrirtæki þar sem gerður er sérstakur kjarasamningur þurfi að vera til sérstakt og sjálfstætt stéttarfélag er taki til allra starfsmanna fyrirtækisins. Hitt er hins vegar nauðsynlegt að slíkur kjarasamningur taki til allra stéttarféлага þeirra félagsmanna sem starfa hjá fyrirtækinu og að þau komi fram sem ein heild og taki sameiginlega allar ákvarðanir varðandi slíka samningsgerð. Með því móti næst fram nauðsynleg festa í fyrirtækinu og aðilar kjarasamningsins eru þá í rauninni aðeins tveir, enda þótt kjarasamningurinn taki til félagsmanna margra stéttarféлага.

Samtök iðnaðarins eru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að binda í lög leikreglur þess efnis að í fyrirtækjum þar sem að jafnaði vinna 50 eða fleiri starfsmenn, sem eiga aðild að fleiru en einu stéttarfélagi, geti 3/4 starfsmanna og stjórn fyrirtækisins í sameiningu óskað eftir að gera sérstakan kjarasamning sem gildi fyrir alla starfsmenn. Ef slík ósk er sett fram verði viðkomandi stéttarfélagum gert skylt að fela sameiginlegri samninganefnd umboð sitt til samningsgerðar að öllu leyti og atkvæðagreiðslur félagsmanna hlutaðeigandi stéttarféлага verði skilyrðislaust sameiginlegar. Þá þarf að kveða á um að hafi viðkomandi fyrirtæki framselt samningsrétt sinn til samtaka vinnuveitenda verði gerð krafa um samþykki þeirra samtaka á slíkum samningi.

Þörf er fyrir skýra og greiða leið fyrir gerð fyrirtækjasamninga og setja verður ákveðnar leikreglur um það hvernig að ákvörðun um gerð þeirra er staðið. Lagt er til að í vissum tilvikum verði stéttarfélagum skylt að koma fram sem ein heild í samskiptum sínum við gerð kjarasamnings sem tekur til eins ákveðins fyrirtækis. Með þessu nást fram þeir kostir sem leitað er eftir með stofnun sérstakra fyrirtækisstéttarféлага án þess að haggja við tilveru stéttarféлага þeirra starfsmanna sem hjá fyrirtækinu starfa.

Samtök iðnaðarins hvetja félagsmálanefnd til þess að íhuga vel þessar hugmyndir um fyrirtækissamninga og jafnframt hvetja þau nefndina til þess leggja sitt af mörkum til þess að meginefni frumvarpsins verði að lögum á yfirstandandi þingi.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri